





## Tré ársins 1994



Myndin sem ég sendi í keppnina er af hlyninum (*Acer pseudoplatanus* L.) fallega við Suðurgötu í Reykjavík í blóma sumarið 1993. Hlynurinn var gróðursettur árið 1918 af Nicolaj Bjarnasyni kaupmanni og fjölskyldu og er nú rúmlega 10 m há.

Er hann einnig með mjög jafna og umfangsmikla krónu. Krónan er um 13 m að þvermáli, ólaufguð. Hann hefur vaxið áfallalítið, en kelur þó oft lítillega í greinaendana. Hefur hann margoft borið þroskað fræ og er því frá honum kominn fjöldi annarra

hlyntrjáa. sem vaxa vítt og breitt um landið.

Er hlynur einn fjölmargra lauftrjáa sem ræktuð hafa verið með góðum árangri hér á landi. Hefur hlynurinn alls ekki verið gefinn nægilega mikill gaumur nú í seinni tíð og ræður þar líklega mestu að hann er frekar seinvaxinn og þarf að njóta góðrar umhirðu í upphafi. Þessu þarf að breyta og ætti að auka ræktun á hlyn til muna. Á það ekki síst við um opinbera aðila sem sjá um gróðursetningar í almenningsgördum og á opnum svæðum í þéttbýli. Hlynurinn

myndarlegi við Suðurgötu er til vitnis um það, hver árangur slíkrar ræktunar getur orðið.

Þessi hlyntegund er ein 150 tegunda sömu ættkvíslar og á sín náttúrulegu heimkynni í Mið-Evrópu, Kákasus og Litlu-Asíu. Getur tegundin þar orðið 20-25 m há og náð a.m.k. 500 ára aldri, svo að samkvæmt því á hlynurinn við Suðurgötu enn langt eftir ólífað.

Myndin var tekin á myndavél af gerðinni Canon T60, gegnum 35 mm linsu (f3,5), á filmu af gerðinni Kodak Ektachrome 100 ASA.

# Ilmreynir

Sorbus aucuparia



Frá Mið-Evrópu og Asíu.

Vex einnig villtur hér á landi.

Meðalhátt tré (verður ekki hærra en 12 metrar), margstofna og með greinamikilli krönu. Blöðin eru stak- fjöðruð með 4 til 7



blaðpörum. Smáblöðin eru oftast sagtentt og hærð á neðra borði. Hvít blómin eru í stórum hálfsvæpum. Rauð aldin í september, góð í mauk en verður að ná úr þeim óbragði með suðu. Ilmreynir vex villtur hér og hvar um landið, einkum norðvestan-, vestan- og sunnanlands. Hann er með algengustu garðtrjám hér á landi. Hann er harðgert tré en þolir illa sjávarseltu, háan loftraka og miklar úrkomur. Verður þá kyrkingslegur og viðkvæmur fyrir kvillum eins og reyniátu.

**Framlag Skeljungs hf. til Skógræktar ríkisins er tengt sölu á bensín-afgreiðslustöðvum félagsins. Saman getum við lyft grettistaki undir faglegrri forystu Skógræktar ríkisins og í samvinnu við alla sem eiga þá hugsjón að græða upp landið.**



Skógrækt með Skeljungu